

237. fundur Skólanefndar FS

7. desember 1999



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Jón Ingi Baldvinsson, Ingimundur Þ. Guðnason, Karl Hermannsson, áheyrnarfulltrúarnir Ragnheiður Gunnarsdóttir og Arnar Fells Gunnarsson og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Annarlok og útskrift.
 2. Breytingar á starfsliði skólans.
 3. Skólasamningur.
 4. Önnur mál.

1. Annarlok og útskrift.

Skólameistari sagði frá annarlokum, prófum og útskrift. Útskrift verður laugardaginn 18. desember kl. 14:00. Útskriftarnemendur verða tæplega 40.

2. Breytingar á starfsliði skólans.

Skólameistari sagði frá breytingum á starfsliði skólans. Sveinn Sæmundsson húsvörður lætur af störfum um áramót. Borgþór Arngrímsson hefur óskað eftir launalausis leyfi á vorönn. Skólanefnd samþykkir leyfið. Borist hefur munnleg umsókn frá Konráð Ásgrímssyni um launalaust leyfi á vorönn. Skólameistara veitt umboð til að veita leyfið þegar formleg umsókn berst.


3. Skólasamningur.

Rætt um endurskoðun skólasamnings. Samþykkt að undirrita samninginn með fyrirvara um staðfestingu á framlagi vegna kjarnaskóla í netagerð. Formanni og skólameistara falið að ganga frá málinu.

4. Önnur mál.

- a) Kynntar hugmyndir að deiliskipulagi vegna viðbyggingar og bílastæða.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari